



**SKELJUNGUR**  
ÁRSUPPGJÖR 2021

**HEILDAR HAGNAÐUR 6.932 MILLJÓNIR KRÓNA Á ÁRINU  
2021**

**EBITDA (PRO-FORMA MEÐ FÆREYJUM) Á FJÓRÐA  
ÁRSFJÓRÐUNGI 774 MILLJÓNIR KRÓNA OG VEX UM 382  
MILLJÓNIR Á MILLI ÁRA**

**HEILDAR HAGNAÐUR EFTIR SKATTA 6.932 MILLJÓNIR  
KRÓNA Á ÁRINU 2021 OG HÆKKAR UM 5.845  
MILLJÓNIR KRÓNA MILLI ÁRA**

**HANDBÆRT FÉ Í ÁRSLOK 8.265 MILLJÓNIR KRÓNA**

**UMBREYTTUR EFNAHAGUR MEÐ SÖLU Á MAGN Í  
FÆREYJUM, UPPSKIPTING REKSTRAR OG FJÖLGUN  
TEKJUSTOÐA Á ÍSLANDI**

**SKELJUNGUR VERÐUR FJÁRFESTINGARFÉLAG OG TILLAGA  
UM AÐ NAFNI VERÐI BREYTT Í SKEL FJÁRFESTINGARFÉLAG**

## HELSTU LYKILTÖLUR OG NIÐURSTÖÐUR FJÓRÐA ÁRSFJÓRÐUNGS 2021 (4F 2021) (framlegð og EBITDA pro-forma)

- Framlegð nam 2.695 m.kr. og hækkaði um 23,6% frá fjórða ársfjórðungi 2020 (4F 2020).
- EBITDA hagnaður nam 774 m.kr. sem er 97,6% hækkun frá 4F 2020.
- EBITDA framlegð var 28,7% miðað við 18% á 4F 2020.
- Heildar hagnaður eftir skatta nam 5.941 m.kr. samanborið við -30 m.kr. á 4F 2020.
- Hagnaður á hlut var 2,61 í samanburði við 0,02 á 4F 2020.
- Handbært fé frá rekstri nam 1.499 m.kr. samanborið við -49 m.kr. á 4F 2020.
- Eigið fé í lok tímabilsins nam 16.448 m.kr. og eiginfjárlutfall var 49,9%.

## HELSTU LYKILTÖLUR OG NIÐURSTÖÐUR ÁRSINS 2021 (framlegð og EBITDA pro-forma)

- Framlegð nam 10.459 m.kr. og hækkaði um 10,6% frá árinu 2020.
- EBITDA hagnaður nam 3.665 m.kr. sem er 37% hækkun frá árinu 2020.
- EBITDA framlegð var 35,0% miðað við 28,3% á frá árinu 2020.
- Heildar hagnaður eftir skatta nam 6.932 m.kr. samanborið við 1.087 m.kr. frá árinu 2020.
- Arðsemi eigin fjár, á ársgrundvelli, var 46,4% samanborið við 8,1% á árinu 2020.
- Hagnaður á hlut var 3,14 í samanburði við 0,39 á árinu 2020.
- Handbært fé frá rekstri nam 2.754 m.kr. samanborið við 1.812 m.kr. á árinu 2020.
- Eigið fé í lok tímabilsins nam 16.448 m.kr. og eiginfjárlutfall var 49,9%.

## HÖRFUR FYRIR ÁRIÐ 2022

Félagið áætla að afkoma móðurfélagsins verði jákvæð um 7,6-8,3 milljarða króna eftir skatta að teknu tilliti til vænts söluhagnaðar af fasteignum að fjárhæð 5 milljarðar.

Gert er ráð fyrir að afkoma af áframhaldandi starfsemi og fjárfestingastarfsemi verði á bilinu 2,6 - 3,3 milljarðar króna eftir skatta.

## TÖLULEGUR SAMANBURÐUR

í milljónum króna	2021 4F	2020 4F	Δ
Framlegð	2.695	2.181	23,6%
EBITDA	744	391	97,6%
EBIT	387	58	562%
Heildarhagnaður tímabils	5.941	-30	19.589%

2021 12M	2020 12M	Δ
10.459	9.454	10,6%
3.655	2.676	37,0%
2.245	1.1369	64,0%
6.932	1.087	538%

Hlutföll	2021 4F	2020 4F
EBITDA hlutfall	27,7%	18%
EBIT hlutfall	14,4%	2,7%
Launakostn. / framlegð	-41,6%	-49,2%
Annar kostn. / framlegð	-35,0%	-38,0%
Rekstrarkostnaður / framlegð	-71,3%	-82,0%
Arðsemi eiginfjár (ársgrundvelli)		

2021 12M	2020 12M
35,0%	28,3%
21,5%	14,5%
-37,1%	-42,8%
-31,4%	-32,3%
-65,0%	-71,7%
46,4%	8,1%



## ÁRIÐ 2021 Í HNOTSKURN

### ÓLAFUR ÞÓR JÓHANNESSON, FORSTJÓRI SKELJUNGS:

„Við erum afar ánægð og stolt af árangri ársins 2021. Samhliða skipulagsbreytingum, sölu dótturfélagsins P/F Magn í Færeyjum og rekstrarlegri uppskiptingu með stofnun þriggja dótturfélaga tókst samstæðunni að skila bestu EBITDA afkomu frá upphafi. Þá skilaði Skeljungur mesta hagnaði í sögu félagsins eða rúmlega 6,9 milljörðum króna. Starfsfólk félagsins á miklar þakkir skildar fyrir framlag sitt í þessum stóru verkefnum.

Afkoma fjórða ársfjórðungs var góð og batnaði verulega milli ára, einkum af áframhaldandi starfsemi samstæðunnar á Íslandi. Rekstur Löðurs og Dælnnar varð hluti af samstæðu Skeljungs frá og með 1. ágúst. Lyfsalinn, sem er 58% í eigu Skeljungs, keypti Lyfjval sem m.a. rekur bílaapótekið í Hæðasmára. Rekstur Lyfsalans kom inn í samstæðuna á fjórða ársfjórðungi samhliða viðbótarfjárfestingu okkar í Lyfsalanum. Með þessum nýju félögum höfum við fjölgað tekjustoðum, aukið fjölbreytileika og styrkt félagið til framtíðar.

Skeljungur ákvað að skerpa á áherslum í rekstri með stofnun þriggja dótturfélaga sem er að fullu í eigu félagsins þ.e. Orkan IS ehf., félag í smásölu, Skeljungur IS ehf., sala til fyrirtækja og heildsala og Gallon ehf., rekstur birgðastöðva. Uppskiptingin kom til framkvæmda þann 1. desember 2021. Byrjunin í rekstri þessara félaga lofar mjög góðu.

Vinna við frágang á sölu fasteigna stendur yfir en með sölu þeirra mun Skeljungur eignast hlutafé í Kaldalóni hf. og fasteignarþróunarfélagi með Reir. Stefnt er að því að ljúka þeim viðskiptum á fyrsta ársfjórðungi 2022.

Við sölu fasteigna, eignarhluta í Magn og rekstrarlega uppskiptingu verður til sterkt móðurfélag með mikla fjárfestingagetu. Áherslan verður á að styrkja núverandi rekstrarfélög og auk annarra fjárfestinga.

Fyrir aðalfund 2022 liggur fyrir tillaga um að breyta nafni félagsins í SKEL fjárfestingafélag. Það er ný og spennandi vegferð framundan fyrir félagið og dótturfélög þess.“

### HELSTU TÍÐINDI OG ÁFANGAR Á ÁRINU 2021

- Dótturfélagið Magn í Færeyjum var selt
- Rekstur Löðurs og Dælnnar kom inn í samstæðuna frá og með 1. ágúst 2021
- Skeljungur eignaðist 58% eignarhlut í Lyfsalanum á árinu og kom félagið inn í samstæðuna frá og með 1. október 2021
- Skeljungur kolefnisjafnaði allan rekstur sinn á Íslandi á árinu 2021
- Nýr sjálfsafgreiðslubúnaður tekinn í notkun á þjónustustöðvum Orkunnar
- Nokkrum þjónustustöðvum var umbreytt úr verslunum yfir í samstarf með þriðja aðila s.s. Joe & Juice og Brauð&Co
- Á árinu fékk Skeljungur gæðastjórnunarkerfi fjögurra rekstrareininga vottuð út frá ISO 9001 og ISO 14001 staðlinum. Rekstrareiningar sem fengu vottunina eru eldsneytisdreifing í Vestmannaeyjum, Akureyri, Eskifirði og Ísafirði. Einnig fékk Olúbirgðastöðin í Örfirisey ISO 14001 umhverfsvottun á árinu 2021 stöðin hafði fengið ISO 9001 gæðavottun árið 2019 og hlaut endurvottun á henni í desember 2020.
- Skeljungur fékk jafnlaunavottun á árinu, eins og á fyrri árum, og var óútskýrður launamunur kynjanna 3% sem er innan markmiðs sem Skeljungur hefur sett sér.
- Rekstur var færður úr Skeljungi í þrjú dótturfélög frá og með 1. desember 2021



## KYNNINGARFUNDUR

Kynningarfundur vegna ársuppgjörs félagsins verður haldinn þann 9. febrúar kl. 8:30 að Grand Hótel Reykjavík, Sigtúni 38, 4. hæð (Háteigur) þar sem Ólafur Þór Jóhannesson forstjóri kynni uppgjörið og fer yfir helstu þætti úr rekstrinum og framtíðarsýn

Markaðsaðilar geta sent inn spurningar á [fjarfestar@skeljungur.is](mailto:fjarfestar@skeljungur.is) og verðum þeim svarað eftir kynninguna þann 9. febrúar nk.

## ÁRSREIKNINGUR 2021

Helstu atriði í tilkynningu þessari eru unnin upp úr ársreikningi félagsins, sem samþykktur var af stjórn og forstjóra á stjórnarfundi þann 8. febrúar 2022.

Ársreikningurinn hefur að geyma samstæðureikning félagsins. Reikningurinn er gerður í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla (IFRS). Ársreikningurinn er endurskoðaður af KPMG hf. og er áritun á ársreikninginn án fyrirvara.

Nánari upplýsingar má finna í ársreikningi sem er meðfylgjandi tilkynningu þessari.

## FJÁRHAGSDAGATAL 2022

**Aðalfundur 2022:** 10. mars 2022

**Uppgjör 1. ársfjórðungs 2022:** 28. apríl 2022

**Uppgjör 2. ársfjórðungs 2022:** 11. ágúst 2022

**Uppgjör 3. ársfjórðungs 2022:** 27. október 2022

**Uppgjör 4. ársfjórðungs 2022 og ársuppgjör 2022:** 7. febrúar 2023

**Aðalfundur 2023:** 9. mars 2023

Dagsetningarnar eru birtar með fyrirvara um breytingar.

Nánari upplýsingar veitir Ólafur Þór Jóhannesson, forstjóri, [fjarfestar@skeljungur.is](mailto:fjarfestar@skeljungur.is).



Skeljungur hf. · Borgartún 26 · 105 Reykjavík

[www.skeljungur.is](http://www.skeljungur.is)  [skeljungur-hf/](https://www.linkedin.com/company/skeljungur-hf/)

